

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

#### *Deiliskipulag Smiðjuvalla, Kalmansvellir 4b.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, vegna Kalmansvalla 4b. Breytingin felst í að skilgreina 600 fermetra byggingarreit fyrir atvinnuhúsnæði (30,0 m x 24,0 m) þar sem hámarkshæð byggingarinnar verði 8,0 m og nýtingarhlutfall lóðar verði óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Skógarhverfi 3C, Skógarlundur 42.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, vegna Kalmansvalla 4b. Breytingin felst í að lóð við Skógarlund 42 fer úr 1.977 fm í 1.771 fm en íbúðafjöldi er óbreyttur. Lóð við Skógarlund 40 fer úr 1.620 fm í 1.791 fm. Íbúðafjöldi verði 6 íbúðir í stað 5 íbúða, gerð verður lóð fyrir dreifistöð rafveitu við norðurhorn lóðar. Annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Skógarhverfi 3B, grenndarstöð.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 10. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla, vegna Kalmansvalla 4b. Í breytingunni felst að koma fyrir grenndarstöð fyrir 8 djúpgáma, gerð er lóð undir gámana og bílstæði fyrir sorpbíl en annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 5. september 2023.*

**Halla Marta Árnadóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 6. september 2023